

Til dagblaða, fréttastofa  
og fjármálastofnana

**Fréttatilkynning**  
20. janúar 2009

## Áherslur í lánamálum ríkissjóðs 2009

- *Hrein fjárþörf ríkissjóðs er 145 ma.kr. á árinu sem áformað er að fjármagna með 100 ma.kr. af innistæðum ríkissjóðs í Seðlabankanum og með útgáfu markaðs-skuldabréfa umfram innlausn fyrir um 45 ma.kr.*
- *Gefinn verður út nýr 2ja ára flokkur ríkisbréfa í júlí.*
- *Mánaðarleg útgáfa á 3ja mánaða ríkisvíxlum.*
- *Erlend lán á gjalddaga verða endurfjármögnuð.*

### Útgáfa ríkisbréfa

Þann 12. júní koma til innlausnar ríkisbréf í flokki RIKB 09 0612. Á innlausn eru bréf í flokknum fyrir 71 ma.kr. að nafnverði Af þeirri fjárhæð eru um 35 ma.kr. í bréfum sem aðalmiðlarar gátu ekki skilað til ríkissjóðs vegna falls gömlu bankanna. Ekki er um að ræða innlausn á öðrum flokkum ríkisbréfa á yfirstandandi ári.

Áætlað er að gefa út ríkisbréf fyrir um 145 ma.kr. að nafnverði. Markaðsaðstæður ráða því í hvaða útistandandi ríkisbréfaflokki verður gefið út en leitast verður við að selja tiltölulega jafnt yfir árið og hafa endurgreiðsluferil ríkisbréfa sem jafnastan. Einnig er fyrirhugað að gefa út nýjan 2 ára flokk ríkisbréfa á miðju ári og byggja hann tiltölulega hratt upp. Hrein útgáfa ríkisbréfa er þannig áætluð 74 ma.kr. að nafnverði árið 2009.

### Útgáfa ríkisvixla

Í desember 2008 var ákveðið að gefa út tvo flokka ríkisvixla og nam staða þeirra 74 ma.kr. í árslok. Ákveðið hefur verið að hefja útgáfu 3ja mánaða ríkisvixla sem gefnir verða út í mánaðarlegum útboðum á árinu 2009. Tilgangur útgáfunnar er m.a. að mæta tímabundnum sveiflum í tekjum og útgjöldum ríkissjóðs innan ársins. Ef ríkissjóður hefur fjárþörf til skemmri tíma en þriggja mánaða er möguleiki að stækka áður útgefna flokka. Stefnt er að því að lækka stöðu útistandandi vixla frá því sem nú er og þar með draga úr endurgreiðsluáætlu ríkissjóðs. Áætlað er að lækka stöðu ríkisvixla um 29 ma.kr. á árinu þannig að hún verði um 45 ma.kr. í árslok.

### Uppkaup

Haldið verður áfram að kaupa úr spariskírteinaflokki RIKS 15 1001 eftir því sem markaðsaðstæður leyfa. Ekki er um viðskiptavakt að ræða á spariskírteinum og flokkurinn því ekki lengur markflokkur en útistandandi eru um 18 ma.kr.

**Lánahreyfingar**

Meðfylgjandi tafla sýnir áætlaðar lánahreyfingar ríkissjóðs á innlendum markaði árið 2009:

	Nafnverð í milljörðum króna
Útgáfa ríkisbréfa	145
<i>Dregið frá:</i>	
Innlausn ríkisbréfa	71
Innlausn ríkisvixla umfram sölu	29
<i>Lánahreyfingar á innlendum markaði</i>	<i>45</i>

**Erlend lán**

Í maí 2009 kemur erlent langtímalán að fjárhæð 150 milljóna evra til innlausnar. Fyrirhugað er að endurfjármagna lánið á árinu.

**Verðbréfalán til aðalmiðlara**

Við hrun gömlu viðskiptabankanna yfirtók ríkissjóður eftirtalin markaðsskuldabréf sem lögð voru fram til tryggingar fyrir verðbréfalánum:

Íbúðabréf	Fjárhæðir í m.kr. að nv.	Ríkisbréf	Fjárhæðir í m.kr. að nv.
HFF 15 0914	2.157	RIKB 09 0612	279
HFF 15 0224	6.139	RIKB 13 0517	3.830
HFF 15 0434	7.947	RIKB 19 0226	3.119
HFF 15 0644	5.351		

Ríkissjóður hyggst leggja þessi bréf inn í nýju bankanna sem hluta af eiginfjárframlagi til þeirra.

**Aðrar ráðstafanir**

Áætlanir gera ráð fyrir að eiginfjárframlag ríkissjóðs inn í nýju banka nemi 385 ma.kr. Það verði greitt með markaðsskuldabréfum sem yfirtekin voru af ríkissjóði og Seðlabanka Íslands vegna verðbréfalána, veð- og daglána. Ríkissjóður kaupir markaðsskuldir af Seðlabanka fyrir um 320 ma.kr. og verður greitt fyrir þær með yfirtöku Seðlabankans á áður veittum lánum ríkissjóðs vegna styrkingar gjaldeyrisvaraförða að jafnvirði 220 ma.kr. og með skuldabréfi að andvirði um 100 ma.kr.

**Tímasetningar útboða og nánari útfærsla**

Fyrirhuguð útboð ríkisbréfa verða haldin á ákveðnum dögum samkvæmt útboðsdagatali *Lánamála ríkisins* líkt og verið hefur undanfarin ár og verða þessir dagar merktir sérstaklega inn á útboðsdagatalið.

Útboðsdagatal, mánaðarlegar Markaðsupplýsingar, upplýsingasíður hjá Bloomberg <ICDO> og vefsíðurnar lanamal.is og bonds.is verða með svipuðu sniði og verið hefur.

Nánar er greint frá áætluðum útboðum ríkisbréfa í töflu á næstu síðu:

*Áætluð sala ríkisbréfa janúar til desember 2009*

<i>Tölur í m.kr.</i>	<i>SALA</i>	
	<i>Ríkisbréf Nafnverð</i>	
	<i>Áætluð fjárhæð</i>	
Janúar	20.000	
Febrúar	5.000	
Mars	15.000	
Apríl	15.000	
Maí		
Júní	30.000	
Júlí	15.000	
Ágúst	15.000	
September	5.000	
Október	10.000	
Nóvember	10.000	
Desember	5.000	
<b>Samtals</b>	<b>145.000</b>	

*Markflokkar og aðalmiðlarar*

<i>Flokkur</i>	<i>Lokagjalddagi</i>	<i>Markaðsvirði í milljörðum króna 31. des. 2008</i>
RIKB 09 0612	12. júní 2009	70,7
RIKB 10 0317	17. mars 2010	70,6
RIKB 10 1210	10. des. 2010	12,5
RIKB 13 0517	17. maí 2013	30,0
RIKB 19 0226	26. feb. 2019	37,8
<b>Samtals</b>		<b>221,6</b>

**Aðalmiðlarar ríkisverðbréfa**

Nýi Glitnir  
 Nýi Kaupþing  
 NBI  
 MP Banki  
 Straumur Fjárfestingarbanki

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson á alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands í síma 569 9600.